



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

3. tbl. 25. árgangur

September 2008

Kórstarfið

Kór Akureyrarkirkju hefur nú hafið vetrarstarfið og eru félagar í ár um 60 talsins.

Kórinn syngur við reglulegt helgi-hald í Akureyrarkirkju og er honum skipt í fjóra messuhópa. Einu sinni í mánuði syngur kórinn þó allur við messu, sem og á hátíðum og við sérstök tækifæri.

Margt fleira er framundan hjá kórnum í vetur og má fyrst nefna jólasöngvana. Þeir eru árviss viðburður sem hefur verið ákaflega vel sóttur og hafa margir Akureyringar haft á orði að jólasöngvar í Akureyrarkirkju sé hápunktur aðventunnar hjá þeim. Eftir áramót er stefnt að plötuupptöku og einnig verður æft fyrir stórtónleika á kirkjulistaviku í maí. Vetrarstarfinu lýkur svo í júní með níu daga tónleikaferð til Finnlands og Rússlands.


Það verður því nóg að gera hjá kórnum, tónlistin verður fjölbreytt, allt frá dægurlögum til stórverka kórbókmenntanna og félagslífið er í miklum blóma.

Áhugasömum söngvurum sem langar að vera hluti af stórskemmtilegum hóp er velkomið að hafa samband við Eyþór organista í síma 866-3393.

Endurbætur í Akureyrarkirkju

Frá síðustu mánaðamótum hafa staðið yfir framkvæmdir í Akureyrarkirkju. Verið er að mála kirkjuna að innan en kominn var tími á það. Síðast var kirkjan máluð árið 1990.

Einnig hefur verið keypt nýtt og fullkomið hljóðkerfi í kirkjuna. Hátalarar verða á nokkrum stöðum og sent út í heyrnartæki. Stundum hefur verið kvartað undan því að



mælt mál skili sér ekki nógu vel í kirkjunni og nú á sá vandi að vera úr sögunni.

Þá var ráðist í að lagfæra ljósin í kirkjunni. M. a. voru ljósakrónurnar teknar niður og skipt og þær endurbættar. Þær eru akureysk framleiðsla og hafa verið á sínum stað frá því að kirkjan var vígð árið 1940. Ljósaskermarnir voru settir á þær tuttugu árum síðar.

Aðgerðum þessum á að vera lokið 21. september en ef fjárhagur safnaðarins leyfir verður ráðist í frekari framkvæmdir á næsta ári. Nauðsynlegt er að endurnýja gólfefnið og einnig er orðið aðkallandi að lagfæra kirkjubekki og gera þá þægilegri.



Upphaf vetrarstarfsins

Vetrarstarfið í Akureyrarkirkju hefst með fjölskylduguðsþjónustu sunnudaginn 21. september kl. 11.00. Stúlnakór kirkjunnar syngur. Eftir messu verður fundur með fermingarbörnum og foreldrum þeirra. Fermingarbörn geta skráð sig til fræðslu.

Einnig verður opið hús í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju þar sem m.a. vetrarstarfið verður kynnt.

Boðið er upp á léttar veitingar.

Allir velkomnir.

Lífið í og við Kirkjubæ

Það er gaman að segja frá því að á Akureyrarvöku sem haldin var helgina 29. – 30. ágúst stóðu kristin trúfélög á Akureyri saman að guðsþjónustu á Ráðhústorgi. Guðsþjónustan bar yfirskriftina „Fjölbreytnin er sæt“. Að guðsþjónustunni komu fulltrúar frá Þjóðkirkjunni, Hjálpræðishernum, Aðventistum, Hvítasunnusöfnuðinum, Kapólsku kirkjunni og Opin kirkja, sem er hópur sem staðið hefur fyrir útisamverum fyrir utan Kirkjubæ við Ráðhústorg á hverjum fimmtudegi í sum- ar.

Arnaldur Bárðarson, prestur í Gleráarkirkju, leiddi samkomuna en Sólveig Halla Kristjánsdóttir, prestur í Akureyrarkirkju sá um léttu og skemmtilega predikun. Söngur og bænagjörð var í höndum allra. Eftir guðsþjónustuna var gestum boðið í kirkjukaffi að gömlum sið en í þetta sinn voru mislitar múffur í boði sem virtust renna ljúflega niður hjá ungum sem öldnum.

Veðrið var hið besta á meðan á guðsþjónustunni stóð og fjöldi manns tók þátt í samkomunni. Stuttu



eftir að samkomunni lauk fór að rigna og vildi þá svo heppilega til að dyr Kirkjubæjar stóðu öllum opnar en þar mátti sjá kynningu á safnaðarstarfinu í bænum. Hægt var að tylla sér niður með kaffibolla, spjalla, skoða myndir og bæklinga og börnin gátu fengið blöðru.

Á hverjum föstudegi er boðið upp á hádegissamveru hér í Kirkjubæ. Þessi samvera hefur fengið nafnið Sálarstaldur enda er samveran hugsuð sem örstutt hvíld í amstri dagsins. Á hverjum föstudegi fær Kirkjubær til sín gest sem deilir hugrenningum sínum með öðrum og lýkur stundinni með stuttri bæn.

Það má segja að líflegt sé í kringum okkur hér í Kirkjubæ þessa dagana því hér má sjá mörg listaverk barna úr barnastarfinu í Akureyrarkirkju. Sýning á safnaðarstarfinu á Akureyri prýðir nú vegg Kirkjubæjar og hvet ég alla til þess að kíkja við og skoða þá sýningu. Það er margt í boði í söfnuðum bæjarins þennan veturinn!


Hægt er að fylgjast með því sem er á döfinni á vefsíðu prófastsdæmisins á eftirfarandi slóð <http://www.kirkjan.is/eyjafjardarprofastsdaemi>

Jóna Lovísa Jónsdóttir
umsjónarmaður Kirkjubæjar.

Sumartónleikar

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju eru löngu orðnir fastur liður í starfi Akureyrarkirkju en í ár var tónleikaröðin haldin í tuttugasta og annað sinn. Boðið var upp á tónleika alla sunnudaga í júlí og má segja að fjölbreytnin hafi verið mikil.

Á fyrstu tónleikunum söng stúlnakórinn Graduale Nobili, undir stjórn Jóns Stefánssonar og viku síðar lék danski orgelleikarinn Bine Bryndorf á orgel Akureyrarkirkju. Þriðju gestirnir voru Spilmenn Ríkínís, en sú hljómsveit leikur gamla íslenska þjóðlagatónlist á hljóðfæri sem vitað er að notuð voru hér á landi, svo sem langspil, symfón og gýju. Að lokum voru það organisti



Akureyrarkirkju, Eyþór Ingi Jónsson og söngvarinn Michael Jón Clarke, sem fluttu íslenska sálma í nýstárlegum búningi, enda var allur orgelleikur spunninn á staðnum.

Aðsókn að tónleikunum var með ágætum og voru gestir að meðaltali um eitthundrað. Ekki var annað að

sjá en að þeir kynnu vel að meta það sem í boði var.

Það er ákaflega ánægjulegt að geta boðið Akureyringum og ferðamönnum upp á ókeypis tónleika á sumrin en slíkt væri afar erfitt ef ekki væri fyrir margvíslegan stuðning ýmissa aðila. Sérstakar þakkir fær Akureyrarbær fyrir fjárstuðning og veitingastaðurinn Friðrik V sem af miklum rausnarskap bauð tónlistarmönnum upp á kvöldverð eftir tónleika.

Nú þegar er hafinn undirbúningur fyrir Sumartónleika í Akureyrarkirkju árið 2009 og áfram verður í boði vandaður tónlistarflutningur metnaðarfullra listamanna. Það skilar sér vonandi áfram til ánægðra hlustenda.

Kvenfélag Akureyrarkirkju

Kvenfélag Akureyrarkirkju fagnaði 70 ára afmæli sínu síðast liðinn vetur.

Tilgangur félagsins er að viðhalda búnaði kirkjunnar, glæða og styðja safnaðarstarfið og liðsinna í ýmsum mannúðar- og menningarmálum í anda kirkjunnar.

Óhætt er að segja að starfsemin hafi verið einstaklega lífleg í gegnum árin og mörg góð mál-efni studd og fjár aflað til kaupa á margvíslegum búnaði fyrir kirkjuna.

Fundir Kvenfélagsins veturinn 2008 – 2009 verða í Safnaðarheimilinu og verða sem hér segir:

Hauptfundur

fimmtudaginn 2. október
kl.19.30

Fjáröflunardagur

með kaffisölu og lukkupökkum,
sunnudaginn 16. nóvember

Jólafundur

laugardaginn 29. nóvember
kl. 19.00

Febrúarfundur

fimmtudaginn 12. febrúar
kl.19.30

Kirkjugöngudagur félags- kvenna

sunnudaginn 15. febrúar

Aðalfundur

fimmtudaginn 14. maí kl.19.30

Ef breytingar verða á dagsetningum eða öðru verður það auglýst sérstaklega.

Félagskonur eru nú um 90 talsins og eru nýjar konur sérstaklega boðnar velkomnar í hópinn. Hægt er að hafa sambandi við einhverja í stjórn félagsins, Kristjönu í síma 462-1783, Erlu í síma 462-4304, Margréti í síma 462-1583, Huldu í síma 462-2039 eða Unu í síma 462-2454.

Samkirkjumál rædd á opnum fundum

af fulltrúum kirkjudeildanna á Akureyri

Á miðvikudagskvöldum í Glerár- kirkju 1. október til 26. nóvember.

Tilefnið fræðslukvöldanna er að árið 2001 undirrituðu fulltrúar kirkna í Evrópu skjal sem ber titilinn Charta oecumenica og hefur nú einnig verið gefið út á íslensku. Þetta er tímamótaskjal, því að því komu fulltrúar helstu kirkna Evrópu, rómversk kaþólskir, lútherskir, anglikanar og orþódoxir og reformertir. Því er ætlað að móta samræðu og samstarfsmenningu á öllum sviðum kirkjulífs og að gefa sameiginleg viðmið slíku starfi. Það er því ekki litill á Charta oecumenica sem endanlegt skjal, heldur er því ætlað að vera verkfæri kirknanna til aukins skilnings og samstarfs.

Undanfarin ár hafa verið samkirkjulegar bænavigur í upphafi árs á Akureyri og einstaklingar frá kirkjudeildunum tekið höndum saman um ýmis verkefni. Þá hefur komið til tals að ræða betur sameiginlegan grundvöll og vaknað þörf fyrir því að

þekkja betur sérkenni safnaðanna. Þau verða best skilin með samtali eins og lagt er upp með þessi kvöld.

Fyrsta kvöldið verður 1. október þar sem Jóna Lovísa Jónsdóttir og Pétur Björgvin Þorsteinsson munu segja frá þriðja samkirkjulega Evrópuþinginu í Sibiu árið 2007 en þau voru meðal annarra fulltrúar Íslendinga þar.

Umsjón með fræðslukvöldunum hafa Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur s. 462 6702 og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni.

Að loknu 45 mínútna inngangserindi hvert kvöld er kaffihlé áður en umræður hefjast. Hverju kvöldi lýkur með helgistund. Dagskrá er öllu jafna lokið klukkan tíu. Þátttaka er öllum opin og ókeypis en greitt er í kaffisjóð.

Frekari upplýsingar er að finna á vef Eyjafjarðarprófastsdæmis: <http://www.kirkjan.is/eyjafjardarprofasts-daemi>

Dagskráin haustið 2008

1. október — Samkirkjumálin í Evrópu

Frásagnir af samkirkjulegum vettvangi

8. október — Lútherska kirkjan: 1% minnihluti í Póllandi

Aleksandra Zachraj frá Póllandi segir frá

15. október — Samkirkjumálin á Akureyri

Umræður og samtal með fulltrúum úr samkirkjulegu starfi á Akureyri

22. október — Útbreiðsla Orðsins

Fulltrúar frá Gideonfélaginu og Biblíufélaginu segja frá

29. október — Samkirkjulegt kvennastarf

Fulltrúar frá AGLOW segja frá.

5. nóvember — Félög á samkirkjulegum grunni

Fulltrúar frá Hjálpræðishernum og KFUM/K segja frá

12. nóvember — Rómversk-kaþólska kirkjan

19. nóvember — Lútherskar áherslur

26. nóvember — Lokaorð og framtíð

Kveðja úr Vesturheimi

„Hi, how are you? - Hæ, hvernig ertu, hvernig hefurðu það?“ Þessa spurningu hef ég fengið oft á dag síðan ég kom til Manitoba í Kanada.

Fólkið hér er vingjarnlegt og því einkar vel við hæfi að á öllum bílnúmerum hér í fylkinu skuli standa: „Friendly Manitoba“. Það lýsir vel stemningunni og fólkinu eins og það hefur komið okkur fyrir sjónir þessar fyrstu vikur í Vesturheimi. Að vera Íslendingur hér er svo alveg sér kapituli út af fyrir sig en mér er nær að halda að Íslendingar fái alveg sérstaka meðhöndlun umfram aðra. Elskuseminni virðast fá takmörk sett þegar fólk frá landinu smáa við ysta haf er á ferð. Við rekumst á fólk á förnum vegi og þegar talið berst að Íslandi þá kemur oftast en ekki í ljós að viðkomandi er af íslenskum ættum eða tengist Íslendingum á einhvern hátt, stundum í gegnum vináttu eða kunningsskap.

Þá er merkileg upplifun að aka um Íslendingabyggðirnar við Winni-



pegvatn og sjá öll íslensku bæjarnöfnin, íslenska fánann dreginn að húni við hlið þess kanadíska og svo fullt af fólki sem enn heldur á lofti íslenskri menningu og siðum. Því fer vissulega fækkandi fólkinu sem hér býr og talar reiprennandi íslensku en við höfum þó þegar hitt nokkra úr hópi elstu kynslóðarinnar sem tala íslenskuna óaðfinnanlega. Margir geta hins vegar slegið um sig með nokkrum orðum eða fáeinum setningum. Ekki er laust við að tilfinningar hrærist þegar komið er í kirkjugarða á þessum slóðum. Nöfnin öll íslensk. Heilu fjölskyldurnar sem

hingað komu til að freista gæfunnar. Vestur-íslensku kirkjurnar segja líka sína sögu og staðfesta vel hve trúin gegndi veigamiklu hlutverki í lífi fólks í gegnum þessa mestu búferlaflutninga Íslandssögunnar. Trúarlíf fólksins sem fluttist vestur um haf í kringum aldamótin níttjándruð er einmitt eitt af því sem ég ætla að rannsaka sérstaklega í námsleyfinu hér í vetur.

Þá hef ég einnig í hyggju að kynna mér kirkjulíf í Manitoba, kynnast safnaðarlífi og anda að mér þeim vandum sem hér blása. Lúthersk kirkja er á næsta götuhorni við okkur og kirkjur anglíkana og kaþólikka eru heldur ekki langt undan.

Sem sagt: Spennandi mánuðir framundan og svarið við hinni klassísku spurningu Manitobara er einfalt: „I’m doing just fine! - Ég hef það alveg skínandi!“

Með kærri kveðju og blessunaróskum úr Vesturheimi.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Kristin íhugun og kyrrðardagur

Þann 10. september var boðið upp á kynningu á kristinni íhugun í kapelli FSA, samkvæmt bænahefð sem kallast Centering Prayer. Stefnt er að því að koma saman vikulega í vetur og íhuga, fræðast um íhugunarbænina og bera saman bækur sínar.

Centering Prayer byggir á aldagamalli hefð sem síðan var endurvakin upp úr 1970 og hefur verið að ná sífellt meiri útbreiðslu um heiminn síðan þá.

Bænin byggir á orðlausri nálgun við Guð, þar sem biðjandinn tekur ákvörðun um að leitast við að opna hjarta sitt fyrir nærveru Guðs og verkan í lífi sínu. Þjálfunin felst síðan í því að læra að leiða hjá sér truflanir sem sækja á þann tíma sem bænin stendur yfir.

Þetta er eitt einfaldasta form íhugunarbænar sem um getur og geta allir lært það og stundað.

Stefnt er að því að hafa kynningu á bæninni af og til í vetur þannig að nýtt fólk geti bæst í hóp iðkenda. Næsta kynning er áætluð miðvikudaginn 15. október kl. 17.00 í kapelli FSA. Áhugasamir geta einnig snúið sér til sr. Guðrúnar Eggertsdóttur, sjúkrahúsprests gudrone@fsa.is og fengið nánari upplýsingar.

Af sama meiddi sprettur einnig kyrrðardagur sem haldinn verður á Möðruvöllum laugardaginn 27. september kl. 10.00-17.00. Umsjónarmenn eru sr. Guðrún Eggertsdóttir og sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.

Kyrrðardagar höfða til margra sem vilja stíga út úr skarkala hversdagsins og leita þess að styrkja samband sitt við Guð í kyrrð. Á Möðruvöllum verður boðið upp á helgihald, samveru, kyrrð, útiveru, lestur og íhugun.



Áhugasamir skrái sig hjá Jónu Lovísu í Kirkjubæ, s: 462-6680 eða á netfangið jona.lovisa.jonsdottir@kirkjan.is

Barna – og unglíngastarf

Akureyrarkirkju veturinn 2008 -2009

Sunnudaginn 21. september hefst barnastarf kirkjunnar með fjölskylduguðsþjónustu.

Við hvetjum alla, unga sem aldna til að mæta, við rifjum upp sunnudagaskólalögin og börnin fá kirkjubókina afhenta að gjöf.

Miðvikudaginn 24. september mun síðan hópastarf fyrir grunnskólabörn og unglínga fara af stað með fullum krafti.

Fjöldi leiðtoga hefur umsjón með barnastarfinu í vetur og Akureyrarkirkja býður nýtt starfsfólk hjartanlega velkomnið til starfa.

Sunnudagaskólinn kl. 11: Í vetur fá krakkarnir Fjárjóðsbók til að eiga og við kíkjum í Fjárjóðskistuna sem rak á fjörur Akureyrarkirkju. Að sjálfsögðu syngjum við sunnudagaskólalögin, heyrum biblíusögur og horfum á brúðuleikrit, því Rebbi, Engilráð, Konni kirkjufugl og fleiri heimsækja sunnudagaskólann reglulega. Umsjón verður í höndum sr. Sólveigar Höllu, sr. Guðmundar Guðmundssonar, Ingibjargar Baldursdóttur, Heimis Ingimarssonar og Rósu Maríu Stefánsdóttur. Og það er jafnframt vonandi að krakkarnir í TTT verði okkur í sunnudagaskólanum til aðstoðar eins og í fyrravetur.

Miðvikudagar: Frábært kirkjustarf fyrir alla krakka, mikill söngur, fönður, leikrit, leikir, þrautir, heimsóknir og allt sem okkur dettur í hug!

Kirkjuprakkarar kl. 16-17 fyrir 1.-4. bekk. Umsjón hefur Valdís Thorarensen ásamt Erlu Guðjónsdóttur og Eyrúnu Eyjólfsdóttur leiðtogum úr Æskulýðsfélagi Akureyrarkirkju (Æ.F.A.K.).

TTT kl. 17-18 fyrir 5.-7. bekk. Leikur og lífsgleði er yfirskrift samveranna fram að jólum. Við minnum á hið árlega TTT-mót ÆSKEY

til leiks og nú hefjum við starfið af krafti á ný og bjóðum fermingarbörn vetrarins velkomin í hópinn. Landsmót æskulýðsfélaga verður haldið á Ólafsvík í október og að sjálfsögðu stefnir Æ.F.A.K þangað. Nánar auglýst síðar. Umsjón Tinna Hermannsdóttir og leiðtogarnir Eva María Karvelsdóttir og Karen Eva Harðardóttir.



sem félagsmönnum í TTT stendur til boða að taka þátt í. Nánar um það síðar. Umsjón verður í höndum Tinnu Hermannsdóttur og með henni eru leiðtogarnir úr Æ.F.A.K. Óli Dagur Valtýsson og Hafsteinn Jóhannsson.

Æskulýðsfélag Akureyrarkirkju Æ.F.A.K. kl. 20-21 fyrir 8. -10. bekk. Í fyrravetur hreinlega blómstraði félagið. Yfir 40 unglíngar mættu

Nánari upplýsingar verða veittar á Opnu húsi í Safnaðarheimilinu að guðsþjónustu lokinni sunnudaginn 21. sept. Einnig er hægt að hafa samband við sr. Sólveigu Höllu í síma 462 7700 milli kl. 11-12 virka daga. Um að gera samt að kíkja bara á fund og kynna sér málið og dagskrá vetrarins. Sjáumst í kirkjunni. SHK



Nýr kirkjuvörður

Stefán Arnaldsson var ráðinn kirkjuvörður síðastliðið vor. Stefán er Akureyringur, fæddur 22. janúar 1958, útskrifaðist sem tækniteknari frá Iðnskólanum á Akureyri 1977. Hann starfaði hjá Símanum í 34 ár áður en hann hóf störf sem kirkjuvörður við Akureyrarkirkju.

Íþróttir hafa ávallt verið í fyrirrúmi, hann var m.a. dómari í handknattleik í 31 ár, dæmdu 364 milliríkjaleiki í 33 löndum og 147 borgum eða bæjum. Stefán er giftur Guðnýju Bergvinsdóttur, hjúkrunarfræðingi, og eiga þau einn son. Stefán er boðinn velkomin til starfa við Akureyrarkirkju.

Út um víðan völl

Dagana 19. júní – 29. júní stóð yfir heimsókn til Æskulýðsfélags Akureyrarkirkju frá vinasöfnuði okkar í Bochum Þýskalandi.

Yfirskrift heimsóknarinnar í ár var Sköpun Guðs og umgengni mannsins gagnvart henni. Um all langt skeið hafa æskulýðsfélög þessara safnaða skipst á heimsóknum og er venjan að gestir gisti hjá gestgjöfum á viðkom-

andi stað. Að sjálfsögðu skelltu sér síðan allir í Bláa lónið og slökuðu á þar.

Þegar hópurinn kom norður seint á laugardagskvöldi, biðu gestgjafar ásamt fjölskyldu sínum í Safnaðarheimilinu og kynntu sig og buðu gestum með sér heim þar sem þeir dvöldu næstu daga.

Hér norðan heiða var nú margt að skoða. Við heimsóttum Norðurorku

Öxnadal þar sem krakkarnir gengu upp að Hraunsvatni og reyndu að veiða í soðið og á heimleiðinni var komið við í Stóra-Dunhaga í Hörgárdal og krakkarnir kynntu sér búskaparhætti þar.

Fleiri góðir staðir voru sóttir heim, farið var í Mývatnssveit, Kröfluvirkjun skoðuð, eins Laxárvirkjun og á Húsavík fór hópurinn í hvalaskoðun og skemmti sér vel. Við kunnum öllum þeim sem tóku á móti hópnum á ferð sinni, bestu þakkir. Og ég vil koma hér á framfæri innilegu þakklæti til ÆFAK – félaga og fjölskyldna þeirra, þau voru dásamlegir gestgjafar á allan hátt. Einnig vil ég þakka fyrir einstaklega gott samstarf og stuðning og ánægjuleg kynni meðan á heimsókninni stóð. Það er ómetanlegt fyrir kirkjuna að eiga svona góð samskipti við fjölskyldur félagsmanna og gaman að finna hvað allir eru samstíga og áhugasamir. Með ósk um Guðs blessun ykkur öllum til handa og von um góðan og skemmtilegan vetur hjá ÆFAK, en starfið hefst 24. september. Fundir verða á sama tíma og í fyrri, á miðvikudagskvöldum kl. 20 -21.

Nýjir félagsmenn velkomnir.

Sólveig Halla



þar sem Baldur Dýrfjörð tók á móti okkur og kynnti starfseminu þar og orkunýtingu fyrir Norðurlandið. Einnig heimsóttum við RES- Orkuskólann á Akureyri. Það var Arnbjörn Ólafsson sem tók á móti hópnum þar og fengu ungmennin að sitja inn í tíma hjá nemendum. Arinbjörn og Baldur fá bestu þakkir fyrir ánægjulegar móttökur. Dagsferð var farin í

þar sem Baldur Dýrfjörð tók á móti okkur og kynnti starfseminu þar og orkunýtingu fyrir Norðurlandið. Einnig heimsóttum við RES- Orkuskólann á Akureyri. Það var Arnbjörn Ólafsson sem tók á móti hópnum þar og fengu ungmennin að sitja inn í tíma hjá nemendum. Arinbjörn og Baldur fá bestu þakkir fyrir ánægjulegar móttökur. Dagsferð var farin í

þrír fulltrúar Æskulýðsfélagsins fóru ásamt sr. Sólveigu Höllu suður til Keflavíkur til að taka á móti hópnum og var gisti í Keflavík í tvær nætur. Háskólasvæðið Keilir var sótt heim og fengum við frábærar móttökur hjá Hjálmari Árnasyni og kynningu á starfseminni hjá Keili. Er aldrei að vita nema einhverjir úr hópnum skrái sig í nám þar þegar lengra líður. Reykjanesvirkjun var líka skoðuð í bak og fyrir og var mjög áhugaverð og skemmtileg sýning þar um orkunotkun, sem bæði ungir og aldnir höfðu gaman af að skoða.



Fermingarundirbúningur.

Fermingarundirbúningurinn hefst með fundi fyrir fermingarbörn og foreldra/forráðamenn þeirra í Akureyrarkirkju, sunnudaginn 21. september n.k, strax eftir fjölskylduguðspjónustuna, þar sem farið verður yfir skipulag fermingarfræðslunnar, messusókn og fleira.

Fermingardagar 2009 eru:

laugardagurinn 4. apríl,
pálmásunnudagur 5. apríl,
laugardagurinn 18. apríl,
laugardagurinn 30. maí
og hvítasunnudagur 31. maí.
Fermt er kl. 10.30.

Fræðslustundirnar verða á þriðjudögum í vetur og eru sem hér segir:

Hópur I: Brekkuskóli kl. 15-17
(30. sept., 21. okt., 11. nóv., 2. des.)

Hópur II: Lundarskóli kl. 15-17
(7. okt., 28. okt., 18. nóv., 9. des.)

Hópur III: Oddeyrarskóli og Lundarskóli kl. 15-17
(14. okt., 4. nóv., 25. nóv., 16. des.)


Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu kirkjunnar www.akirkja.is

Heimasíðan akirkja.is

Á heimasíðu Akureyrarkirkju er gott yfirlit yfir starfsemina í kirkjunni. Auk almennra fréttu af safnaðarstarfinu eru ítarlegar upplýsingar um komandi viðburði hvort sem það eru tónleikar eða bara þægilegir mömmumorgnar. Heimasíðan er sérlega notendavæn, einföld í notkun en samt ítarleg. Á síðunni er hægt

að skoða úrval mynda af kirkjustarfinu auk fallegra mynda af kirkjunni sjálfri. Safnaðarblað kirkjunnar er hægt að nálgast á heimasíðunni og þar er alltaf lítil skoðannakönnu sem gestum býðst að taka þátt í.

Akureyringar eru hvattir til að nýta sér síðuna og fylgjast með starfseminni í kirkjunni.



Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð á Akureyri og nágrenni voru stofnuð í desember 1989 af hópi fólks sem hafði kynnst sambærilegum félagsskap í Reykjavík og fann að það var mikil þörf fyrir svona sjálfshjálparhópa á landsbyggðinni.

Frá upphafi voru fundir haldnir hálfmánaðarlega allt árið í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Á veturna var reynt að vera með fyrirlestur í

hverjum mánuði um hin ýmsu efni. Nú eru fundir einu sinni í mánuði frá september til maí og er áætlað að vera með fyrirlestra/erindi í hvert skipti.

Markmið samtakanna er að veita þeim stuðning sem koma að leita sér hjálpar eftir sorgaráföll er upp kunna að koma í lífinu, ástvinamissir, alvarleg veikindi, fötlun, atvinnumissir, skilnaður, gjaldþrot eða hvað annað.

Það hjálpar heilmikið að geta talað við einhvern í trúnaði um sorgir sínar og áhyggjur og vita að sá hinn sami hefur upplifað sömu tilfinningar og efasemdir um framtíðina, en getur nú litið glaður fram á veginn.

Fundir Samhygðar eru í minni safnaðarsal Akureyrarkirkju, gengið inn hjá kapellunni. Fundirnir byrja kl. 20:00 og eru auglýstir í Dagsskránni daginn áður.

Stjórn Samhygðar veturinn 2008 – 2009

Kristín E. Sveinbjörnsdóttir, formaður
Símar 462-6965, 847-4250

Hugrún Stefánsdóttir, gjaldkeri
Sigrún Anna Missen, ritari
Hólmfríður Sveinmarsdóttir
Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir

Varamenn:

Ólöf Tryggvadóttir
Sr. Arnaldur Bárðarson

Netfang Samhygðar:
kittyes@simnet.is
Veffang Samhygðar:

www.kirkjan.is/eyjafjardarprofastsdaemi og inn á heimasíðu Akureyrarkirkju www.akirkja.is

Starfið í Akureyrarsókn á næstunni

Sunnudagurinn 21. september

Fjölskylduguðsþjónusta

í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Stúlnakór Akureyrarkirkju syngur.

Fundur með fermingarbörnum og foreldrum/
fórráðamönnum í kirkjunni eftir messu.

Opið hús í Safnaðarheimili kl. 12.00 — 13.00.

Léttar veitingar.

Messa á Hlíð kl. 14.00.

Messa á Kjarnalundi kl. 15.00.

Þriðjudagurinn 23. september

Skráning fermingarbarna

í Safnaðarheimili kl. 16.00 – 17.00.

Sunnudagurinn 28. september

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Súpa og brauð eftir guðsþjónustu.

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju
kl. 20.00.

Þriðjudagurinn 30. september

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur I.

Október

Fimmtudagurinn 2. október

Samvera eldri borgara

í Safnaðarheimili kl. 15.00.

Sunnudagurinn 5. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Súpa og brauð eftir messu.

Þriðjudagurinn 7. október

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur II.

Sunnudagurinn 12. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta

í kapellu Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Súpa og brauð eftir guðsþjónustu.

Kvöldmessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Þriðjudagurinn 14. október

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur III.

Sunnudagurinn 19. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Súpa og brauð eftir guðsþjónustu.

Þriðjudagurinn 21. október

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur I.

Sunnudagurinn 26. október

Fjölskylduguðsþjónusta

í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Barnakórar kirkjunnar syngja.

Súpa og brauð eftir guðsþjónustu.

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Þriðjudagurinn 28. október

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur II.

Nóvember

Sunnudagurinn 2. nóvember

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Súpa og brauð eftir messu.

Þriðjudagurinn 4. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur III.

Fimmtudagurinn 6. nóvember

Samvera eldri borgara

í Safnaðarheimili kl. 15.00.

Sunnudagurinn 9. nóvember

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Súpa og brauð eftir guðsþjónustu.

Kvöldmessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Stúlnakór Akureyrarkirkju syngur.

Þriðjudagurinn 11. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur I.

Sunnudagurinn 16. nóvember, kirkjudagur

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Kaffi- og lukkupakkasala Kvenfélags Akur-
eyrarkirkju í Safnaðarheimili eftir messu.

Þriðjudagurinn 18. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur II.

Sunnudagurinn 23. nóvember

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Guðsþjónusta á Hlíð kl. 14.00.

Guðsþjónusta á Kjarnalundi kl. 15.00.

Þriðjudagurinn 25. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.

Hópur III.

Fastir liðir

Mánudagar:

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta
mánudag hvers mánaðar.



Kærar þakkir fyrir stuðninginn
vegna sumartónleikanna

Þriðjudagar:

Morgunsöngur kl. 9.00

Fermingarfræðsla
kl. 15.00 – 17.00

Æfing Stúlnakórs
kl. 17.00 – 18.00

Æfing Kórs Akureyrarkirkju
kl. 20.00 – 22.00

Miðvikudagar:

Mómmumorgunn
kl. 9.30 – 11.30

Kirkjuprakkarar
kl. 16.00 – 17.00

TTT kl. 17.00 – 18.00

ÆFAK kl. 20.00 – 21.00

Fimmtudagar:

Kyrriðar- og fyrirbænastund
kl. 12.00

Léttur hádegisverður á vægu verði
eftir stundina.

Æfing yngri barnakórs
kl. 15.30 – 16.10

Æfing eldri barnakórs
kl. 16.15 – 17.00

Æfing Stúlnakórs
kl. 17.00 – 18.30

Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið og viðtalstíma prestanna er að finna á heimasíðu kirkjunnar – akirkja.is, sími 462-7700

Safnaðarblað Akureyrarkirkju. Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir, Sólveig Halla Kristjánsdóttir og Svavar A. Jónsson.

Umbrot og prentun: Prentsmidjan.is